

Stjórnarfundur 10. Mars 2021

Íþróttahúsið Digranesi - Skálaheiði

Eftirfarandi aðilar sátu fundinn:

- Friðrik Goethe
- Sigurveig Helga Jónsdóttir
- Sigurður Ingi Jónsson
- Guðmundur Tryggvi Ólafsson
- Bjarki Kjartansson

Fundurinn er fyrsti fundur stjórnar eftir aðalfund þar sem breytingar urðu á meðlimum stjórn en Þórir Ingvarsson gaf ekki kost á sér í stjórn og gekk Guðmundur Tryggvi Ólafsson til liðs við stjórn.

Fastir liðir á framtíðar fundum stjórnar verða umræður um D-leyfis umsóknir og mál félagsmanna okkar hjá/við STÍ og ÍSÍ, en fyrir fundinn í dag liggur ekkert fyrir í þeim lið. Einnig mun stjórnin ræða hluti tengda endurbótum á húsnæði þar til framkvæmdum er lokið.

Dagskrá fundarins:

1. Skipað í stöður innan stjórnar
2. Þátttökugjald á innanfélagsmótum sem haldin eru á æfingatíma
3. Styrkir til félagsmanna vegna keppnishalds utanlands
4. Fastir liðir:
 - a. D-Leyfis umsóknir
 - b. Mál félagsmanna hjá STÍ
 - c. Endurbætur á húsnæði
5. Önnur Mál

1. Skipað í stöður innan stjórnar

Ný stjórn hefur verið kosin á aðalfundi félagsins og eru eftirfarandi aðilar stjórnarmenn listaðir hér með skjalfestum titlum:

- Friðrik Goethe - Formaður
- Sigurveig Helga Jónsdóttir - Vara Formaður
- Mörður Áslaugarsson - Gjaldkeri
- Sigurður Ingi Jónsson - Ritari
- Guðmundur Tryggvi Ólafsson - Meðstjórnandi
- Bjarki Kjartansson - Varamaður
- Hálfván Ragnar Guðmundsson - Varamaður

2. Þátttökugjald á innanfélagsmótum sem haldin eru á æfingatíma

Lagt var fram að innanfélagsmót sem haldin eru á tilskyldum æfingatíma greinarinnar beri ekki þátttökukostnað þar sem hægt er að færa rök fyrir því að þetta sé æfing í því að taka þátt á mótum og lítið þarf aukalega til þess að halda mótið þar sem mannskapur er þegar á staðnum og gott er að þeir hljóti æfinguna í því að halda mót.

Ákvörðun um málið var tekin á fundinum að hætta gjaldtöku á innanfélagsmótum þar sem innviði eru lítið meiri en á venjulegri æfingu, sérstaklega í ljósi þess að vegna ástands hefur ekkert verið hægt að bjóða upp á neinar veitingar.

3. Styrkir til félagsmanna vegna keppnishalds utanlands

Lagt var fram á aðalfundi þar sem fjárhagsstaða félagsins er sterk væri hægt að nýta fjármagn í að styðja frekar við félagsmenn sem eru að ferðast erlendis til keppni.

Stjórn styður það að aðstoða afreksíþróttafólk við að fara á stærri mót utanlands meira en halda áfram að bjóða upp á ferðastyrkinn sem við höfum verið að bjóða upp á. Stjórnin mun skoða hvernig þetta verður framkvæmt í samstarfi við afreksfólk okkar.

4. Fastir Liðir

Einn aðili óskaði eftir því að það væri tekið upp erindi hans til D réttinda og bar því fram að hann uppfyllti þau skilyrði sem eru sett. Mál hans var þá sett í ferli og eru nú 4 umsóknir til D leyfis í vinnslu.

Stungið var upp á því að hafa vinnudag félagsmanna þegar framkvæmdir við endurbætur á húsnæði hefjast til þess að taka niður og koma fyrir búnaði sem við þurfum að geyma á meðan framkvæmdum stendur, og að hafa samband við Kópavogsbæ um hvort það standi okkur einhver aðstaða til þess til boða.

5. Önnur mál

Á fundinum var það rætt að birta fundargerðir félagsins eftir fundi og halda þá frá persónugreinanlegum upplýsingum úr fundargerðinni. Stjórnin er að skoða hvort við ætlum að senda út fjölpóst á félagsmenn eða birta fundarskrána á vefnum okkar.

Stungið var upp á því að skylda iðkendur félagsins sem nota sínar eigin byssur við æfingar þurfi að hafa með sér tilskilin leyfi og geti framvísað því ef óskað er eftir því.